

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð um málsmeðferð**  
**fyrir kærunefnd jafnréttismála, nr. 220/2017.**

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:  
Kærunefnd jafnréttismála hefur aðsetur hjá úrskurðarnefnd velferðarmála.  
Starfsmaður hjá úrskurðarnefnd velferðarmála undirbýr fundi nefndarinnar, annast skjala-  
stjórnun og sinnir skrifstofuhaldi fyrir nefndina.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:  
Öll innkomin erindi og útsend bréf skulu varðveitt hjá úrskurðarnefnd velferðarmála í samræmi  
við lög og reglur sem um það gilda á hverjum tíma.

3. gr.

2. másl. 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar verður 2. másl. 1. mgr. 12. gr.

4. gr.

Við 2. mgr. 22. gr. reglugerðarinnar bætist: sbr. þó 12. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5., 6. og 33. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt  
kvenna og karla, nr. 10/2008, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 17. janúar 2018.*

**Ásmundur Einar Daðason**  
félags- og jafnréttismálaráðherra.

*Ellý Alda Þorsteinsdóttir.*